



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

13. apríl 2018 – Pistill nr. 31

Sælir og blessaðir kæru Mývetningar um land allt. Stór áfangi náðist síðasta laugardag í fráveitumálunum í Mývatnssveit þegar bæði fjármálaráðherra og umhverfisráðherra mættu í Mývatnssveit ásamt fulltrúa Landgræðslu ríkisins og skrifuðu undir viljayfirlýsingu um aðkomu ríkisins að fráveitumálunum. Farið var með þeim út á Mývatn á vélsleðum og skrifað undir viljayfirlýsinguna þar í dýrðar vetrarveðri. Fráveitumálin hafa verið ansi fyrirferðamikil undanfarin misseri og því er ástæða til að fagna því að sú nýja nálgun sem nú er uppi á borði skuli hafa verið samþykkt aðeins rúmum þremur mánuðum eftir að hún kom til tals eftir samtal sérfræðinga og hagsmunaaðila. Þetta hafðist fyrst og fremst vegna samstöðu Mývetninga í þessu máli.



Frá undirskriftinni á Mývatni. Frá vinstri: Magnús frá Landgræðslunni, Guðmundur umhverfisráðherra, Bjarni fjármálaráðherra og Þorsteinn sveitarstjóri. Mynd: Marcin.

### Fráveitumálin í höfn

Á fundi sveitarstjórnar í morgun var lögð fram viljayfirlýsing ríkisstjórnar Íslands, sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og Landgræðslu ríkisins sem lýsa yfir vilja sínum til að vinna saman að þróunarverkefni sem miðar að því að bæta stöðu fráveitumála við Mývatn, draga úr losun næringarefna í vatnið og nýta seyru til uppgræðslu á Hólasandi. Verkefnið byggir á umbótaáætlun Skútustaðahrepps og rekstraraðila í fráveitumálum 2018-2022, sem lögð var fram 28. febrúar 2018 og samþykkt af heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 14. mars 2018. Viljayfirlýsingin var undirritað í Mývatnssveit 7. apríl s.l.

Eins og fram kemur í viljayfirlýsingunni eru Mývatn og Laxá á meðal helstu náttúrugersema Íslands og mikilvægt að standa vörð um þær. Svæðið er verndað með sérstökum lögum og er á skrá Ramsar-sáttmálans um vernd votlendis vegna ríkulegs og sérstaks lífríkis. Umbætur í fráveitumálum við Mývatn eru mikilvægt skref í þá átt að lágmarka möguleg neikvæð áhrif manlegra athafna á lífríki vatnsins. Með verkefninu sem lýst er í umbótaáætlun Skútustaðahrepps og þessari viljayfirlýsingu er fundin lausn þar sem möguleg áskorun fyrir lífríki Mývatns er breytt í auðlind til landgræðslu. Þetta er nýstárleg lausn, sem byggir á góðum vilja og samvinnu margra aðila. Verkefnið er skilgreint sem

þróunarverkefni og mögulegt að það taki breytingum í ljósi reynslunnar. Aðilar þessarar viljayfirlýsingar lýsa sig reiðubúna til að leita lausna á öllum vandamálum sem kunna að koma upp með hagsmuni náttúru Mývatns og íbúa í Skútustaðahreppi að leiðarljósi. Sveitarstjórn samþykkir viljayfirlýsinguna samhljóða og lýsir yfir ánægju með aðkomu ríkisvaldsins. Sveitarstjórn þakkar þeim fjölmörgu sem komið hafa að málinu undanfarin misseri.



Yngvi Ragnar oddviti fór yfir öryggisatriðin hvað varðar snjósleðana áður en haldið var út á Mývatn til undirskriftar. Mynd: Marcin.

## Breytingar á gjaldskrá Skjólbrekku

Eins og samþykkt var á síðasta sveitarstjórnarfundum er búið að auglýsa eftir umsjónaraðila í tímastarf fyrir félagsheimilið Skjólbrekku.

Sveitarstjórn vinnur að því að aðlaga skilmála að nýju rekstrarfyrirkomulagi Skjólbrekku og samþykkir nýja gjaldskrá vegna útleigu á Skjólbrekku í ljósi ábendinga:

### 1. Fundir:

Litli salur 16.500 kr.

Stóri salur 33.000 kr.

2. Fjölskyldusamkomur s.s. afmæli og ættarmót. Aðgangur að eldhúsi og áhöldum innifalinn:

Minni salur 39.000 kr.

Stóri salur 65.000 kr.

Allt húsið 100.000 kr.

3. Fermingar og erfidrykkjur. Aðgangur að eldhúsi og áhöldum innifalinn:

Allt húsið 50.000 kr.

4. Menningarviðburðir. Aðgangur að eldhúsi og áhöldum innifalinn:

10% af veltu eða að lágmarki:

Minni salur 25.000 kr.

Stóri salur 35.000 kr.

Allt húsið 50.000 kr.

Staðfestingargjald 23.900 kr.

5. Þorablót, árshátíðir, dansleikir, viðburðir með áfengisveitingum o.fl. Allt húsið (skemmtanaleyfi III innifalið):

158.000 kr.

Staðfestingargjald 39.300 kr.

Þrif eru innifalinn í leiguverði í flokki 1-4 en á ábyrgð leigutaka í flokki 5.

Stefgjöld og dyravarsla eru ekki innifalinn í leiguverði þegar við á.

## Af sundlaugarmálum

Sundlauginni í Reykjahlíð var sem kunnugt er lokað í janúar 2016 þar sem sundlaugarkarið, sem er úr trefjaplasi, var dæmt ónýtt og mikil þörf á endurnýjun tæknibúnaðar og rekstrarkostnaður var hár. Gerðar höfðu verið ýmsar ráðstafanir til að bregðast við lekavanda en án árangurs. Meðal annars hafði verið settur dúkur í karið en það virkaði ekki.

Í fjárhagsáætlun 2018 var gert ráð fyrir gerð áætlunar um bygginga- og rekstrarkostnað fyrir nýju sundlaugarkari og hreinsibúnaði. Áætlunin var lögð fram á fundi sveitarstjórnar í morgun.

**Byggingakostnaður:**

Tæknipjónusta SÁ var fengin til þess að taka saman kostnaðaráætlun fyrir tveimur stærðum af sundlaugum:

- 16,7 m steyppt sundlaugarkar og hreinsibúnaður: 65.779.550 kr.

- 25 m steipt sundlaugarkar og hreinsibúnaður: 88.520.050 kr.

Við þetta bætist kostnaður við 10 ferm. byggingu fyrir hreinsibúnað, heitir pottar, frágangur á útisvæði, viðhald við sundlaugargang, förgun á klórvatni o.fl. og ófyrirséður kostnaður, alls 40-80 m.kr. en upphæðin fer fyrst og fremst eftir því hversu mikill kostnaður er lagður í heita potta, viðhald o.fl.

Heildar byggingakostnaður við 16,7 m laug er því á bilinu 105-145 m.kr. og við 25 m laug um 128-168 m.kr. miðað við fyrrgreindar forsendur.

### Rekstrarkostnaður:

Miðað er við rekstrarkostnað við sambærilega 16,7 m sundlaug:

Á árs grundvelli þarf að miða við 4,5 stöðugildi til að uppfylla öryggiskröfur. Í dag er 1,6 stöðugildi við íþróttahúsið og því bætast við um 3 stöðugildi vegna sundlaugar. Miðað er annars vegar við sumaropnunartíma mánudaga til föstudag frá kl. 6.45-21.00 og um helgar frá kl. 10-18, hins vegar við vetraropnunartíma virka daga frá kl. 6.45 - 21.00 og um helgar frá 10.00-18.00.

Áætlaður rekstarkostnaður á ári er 66 m.kr., á móti koma tekjur (aðgangseyrir og önnur leiga) að upphæð 13 m.kr. Heildar rekstarkostnaður á ári er því um 53 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld um 37 m.kr. Húsaleiga eignasóðs er 18,5 m.kr., rafmagn 1,8 m.kr. og heitt vatn 5,1 m.kr. svo eitthvað sé nefnt.

Á fjárhagsáætlun 2018 er heildarrekstrarkostnaður íþróttamiðstöðvar 31 m.kr., á móti koma tekjur upp á 7.9 m.kr. Samlegðaráhrif af því að reka íþróttamiðstöð og sundlaug í sömu miðstöð eru nokkur, aðallega í starfsmannahaldi.

Málinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2019.

Þess má geta að hið ónýta trefjaplástursundlaugarkar verður fjarlæggt á næstunni.



### **Glatt á hjalla hjá eldri borgurum**

Undanfarin ár hefur verið glatt á hjalla hjá eldri borgurum á Hótel Seli. Þangað fjölmenna eldri borgar úr nágrennasveitarfélögum í nokkra daga og njóta einstakrar gestrisni þeirra eðalhjóna Yngva Ragnars Kristjánssonar og Ásdísar Erlu Jóhannesdóttur. Um 100 manns mættu að þessu sinni og í hádegi á þriðjudaginn var eldri Mývetningum einnig boðið. Undirritaður var fenginn til þess að halda ræðu og lagði út frá þeirri hugmyndafræði hvað það er sem gerir íbúa sveitarfélags hamingjusama.



*Mývetningarnir Nico, Halldór og Guðjón ásamt fjórða þátttakanda. Guðjón bar sigur úr bítum en þeir stóðu sig allir með þryði.*



## Mývetningar fjölmennir í skólaskák

Sýslumótið í skólaskák fór fram fram á dögnum í Seiglu (áður Litlulaugaskóli) á Laugum. Keppt var í tveimur aldursflokkum: 1-7. bekk og 8.-10. bekkur. Nú bar svo við að Reykjahlíðarskóli átti lang flesta þátttakendur í mótinu eða fimm af sjö sem er auðvitað virkilega flott hjá okkar fólki.



Þátttakendur í eldri flokki í sýslumótinu í skák. Mývetningarnir Dóróthea Gerður og Anna Marý stóðu sig vel og fengu silfur og brons.



Soffía íþróttakennari á bakkanum við sundlauginu á Laugum í gær að kenna nemendum Reykjahlíðarskóla.

## HRÓS DAGSINS...

Fá nemendur Reykjahlíðarskóla sem voru til fyrirmyndar í sundkennslu á Laugum í vikunni en þangað er farið 2-3 á ári og kennt í nokkra daga í senn. Viljum við jafnframt koma á

framfæri kæru þakklæti til nágretta okkar í Þingeyjarsveit fyrir velvilja og góðar móttökur þegar nemendur í Reykjahlíðarskóla koma þangað í sundkennslu.

## Framundan:

- Foreldrahittingur foreldrafélags skólanna í Mývatnssveit, 11. apríl kl. 20:30 á Gamla bænum.
- Aðalfundur Fjöreggs verður haldinn fimmtudaginn 12. apríl kl. 20 í Fuglasafninu
- 19. apríl, sumardagurinn fyrsti. Sumargleði í Skjólbrekku kl. 14:00.
- Nemendur í 8. og 10. bekk Reykjahlíðarskóla verða með dósasöfnun í þessari viku. Safnað verður miðvikudag og fimmtudag (11.-12. apríl). Vinsamlega setjið pokana með dósam og flöskum við útidyrnar hjá ykkur ef þið verðið ekki heima á þessum tíma og viljið að þeir verði sóttir.
- 21. apríl kl. 11, síðasta laugardagsgangin í bili, fylgist með á heimasíðunni og á facebook.

## Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförunu og má þar nefna m.a. með Urtusteini, forstöðumannafund, vegna nýrrar persónuverndarlaga, FMÝ, vinnuhóp á vegum skrifstofu Stjórnstöðvar ferðamálaum o.fl. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 11. mars n.k.

*Bestu kveðjur*  
**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**